

I	EES-STOFNANIR	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
2009/EES/28/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	1
2009/EES/28/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	5
2009/EES/28/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	9
2009/EES/28/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	10
2009/EES/28/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	12
2009/EES/28/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	14
2009/EES/28/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	16
2009/EES/28/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	18
2009/EES/28/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	20
2009/EES/28/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	21
2009/EES/28/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptajónusta) við EES-samninginn	23
2009/EES/28/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	24
2009/EES/28/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	25

2009/EES/28/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	26
2009/EES/28/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	27
2009/EES/28/16	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn	29
2009/EES/28/17	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn.	30
2009/EES/28/18	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn.	32
2009/EES/28/19	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn	33
2009/EES/28/20	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.	35

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 21/2009

2009/EES/28/01

frá 17. mars 2009

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1082/2003 frá 23. júní þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar lágmarkseftirlit sem fara skal fram í tengslum við kerfið fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 499/2004 frá 17. mars 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1082/2003 að því er varðar tímamörk og fyrirmynd að skýrslugjöf í nautgripageiranum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar eyrnamerki, vegabréf og jarðabækur ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 644/2005 frá 27. apríl 2005 um leyfi fyrir sérstöku auðkenningarkerfi fyrir nautgripi sem er haldið í menningarlegum og sögulegum tilgangi á samþykktum landareignum eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/764/EB frá 22. október 2004 um framlengingu á hámarksfrestinum sem veittur var til að setja eyrnamerki í tiltekna nautgripi sem er haldið á náttúruverndarsvæðum í Hollandi ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/28/EB frá 18. janúar 2006 um framlengingu á hámarksfrestinum sem var veittur til að setja eyrnamerki í tiltekna nautgripi ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 98, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 80, 18.3.2004, bls. 24.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 163, 30.4.2004, bls. 65.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 107, 28.4.2005, bls. 18.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 339, 16.11.2004, bls. 9.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 19, 24.1.2006, bls. 32.

- 9) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/132/EB frá 13. febrúar 2006 um viðurkenningu á því að ítalski gagnagrunnurinn yfir nautgripi er að öllu leyti rekstrarhæfur ⁽¹⁾.
- 10) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1791/2006 ⁽²⁾ og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1792/2006 ⁽³⁾ hafa þegar verið felldar inn í samninginn, en rétt er að bæta þeim við sem breytingu á reglugerð (EB) nr. 1760/2000 annars vegar og reglugerð (EB) nr. 911/2004 hins vegar.
- 11) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97 ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 12) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1082/2003 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2630/97 ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 13) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 911/2004 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2629/97 ⁽⁶⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 14) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2006/28/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/589/EB ⁽⁷⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 15) Gildistími reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2628/97 ⁽⁸⁾, sem hefur verið felld inn í samninginn, er útrunninn og ber því að fella þá gerð úr samningnum.
- 16) Ákvörðun þessi á að taka til Íslands með aðlögunarfrestinum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka.
- 17) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. viðauki við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1760/2000, 1082/2003, 499/2004, 911/2004 og 644/2005 og ákvarðana 2004/764/EB, 2006/28/EB og 2006/132/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(1) Stjtið. ESB L 52, 23.2.2006, bls. 33.

(2) Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1.

(3) Stjtið. ESB L 362, 20.12.2006, bls. 1.

(4) Stjtið. EB L 117, 7.5.1997, bls. 1.

(5) Stjtið. EB L 354, 30.12.1997, bls. 23.

(6) Stjtið. EB L 354, 30.12.1997, bls. 19.

(7) Stjtið. EB L 283, 21.10.1998, bls. 19.

(8) Stjtið. EB L 354, 30.12.1997, bls. 17.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2009

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brott falli texti liðar 7a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97) í hluta 1.1.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 21/2004) í hluta 1.1:
 „7c. **32000 R 1760**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97 (Stjtið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1) eins og henni var breytt með:
 - **32006 R 1791**: Reglugerð ráðsins (EB) No 1791/2006 frá 20. nóvember 2006 (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).“
3. Brott falli texti 70. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2628/97), 71. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2629/97) og 72. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2630/97) í hluta 1.2.
4. Eftirfarandi bætist við á eftir 139. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/363/EB) í hluta 1.2:
 „140. **32003 R 1082**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1082/2003 frá 23. júní þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar lágmarkseftirlit sem fara skal fram í tengslum við kerfið fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa (Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 9) eins og henni var breytt með:
 - **32004 R 0499**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 499/2004 frá 17. mars 2004 (Stjtið. ESB L 80, 18.3.2004, bls. 24).
141. **32004 R 0911**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar eyrnamerki, vegabréf og jarðabækur (Stjtið. ESB L 163, 30.4.2004, bls. 65) eins og henni var breytt með:
 - **32006 R 1792**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1792/2006 frá 23. október 2006 (Stjtið. ESB L 362, 20.12.2006, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í I. viðauka við reglugerðina:

„Ísland	IS
Noregur	NO“

142. **32005 R 0644**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 644/2005 frá 27. apríl 2005 um leyfi fyrir sérstöku auðkenningarkerfi fyrir nautgripi sem er haldið í menningarlegum og sögulegum tilgangi á samþykktum landareignum eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 (Stjtið. ESB L 107, 28.4.2005, bls. 18).
143. **32006 D 0028**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/28/EB frá 18. janúar 2006 um framlengingu á hámarksfrestinum sem var veittur til að setja eyrnamerki í tiltekna nautgripi (Stjtið. ESB L 19, 24.1.2006, bls. 32).“
5. Brott falli texti 2. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/589/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 1.2.
6. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 23. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/615/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 1.2:
 „24. **32004 D 0764**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/764/EB frá 22. október 2004 um framlengingu á hámarksfrestinum sem veittur var til að setja eyrnamerki í tiltekna nautgripi sem er haldið á náttúruverndarsvæðum í Hollandi (Stjtið. ESB L 339, 16.11.2004, bls. 9).
25. **32006 D 0132**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/132/EB frá 13. febrúar 2006 um viðurkenningu á því að ítalski gagnagrunnurinn yfir nautgripi sé að öllu leyti rekstrarhæfur (Stjtið. ESB L 52, 23.2.2006, bls. 33).“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 22/2009****2009/EES/28/02****frá 17. mars 2009****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/594/EB frá 29. ágúst 2007 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun ráðsins 90/539/EBE að því er varðar fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir fyrir viðskipti með alifugla og útungunaregg innan Bandalagsins til að taka tillit til tiltekinna krafna um lýðheilsu ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/683/EB frá 18. október 2007 um samþykkt áætlunar um að útrýma svínapest í villtum svínum á tilteknum svæðum í Ungverjalandi ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/729/EB frá 7. nóvember 2007 um breytingu á tilskipunum ráðsins 64/432/EBE, 90/539/EBE, 92/35/EBE, 92/119/EBE, 93/53/EBE, 95/70/EB, 2000/75/EB, 2001/89/EB og 2002/60/EB og ákvörðunum 2001/618/EB og 2004/233/EB að því er varðar skrá yfir landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur og ríkisstofnanir ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/846/EB frá 6. desember 2007 um fyrirmynd að skráum yfir stofnanir sem aðildarríki hafa samþykkt í samræmi við ýmis ákvæði heilbrigðislöggjafar um dýr og dýraafurðir í Bandalaginu og reglur sem gilda um sendingu þessara skráa til framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/870/EB frá 21. desember 2007 um samþykki áætlana fyrir árið 2008 um að útrýma svínapest í villtum svínum og um neyðar-bólusetningu gegn sjúkdómnum í þessum svínum og svínum á bújörðum í Rúmeníu ⁽⁶⁾.
- 7) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2007/846/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/106/EB ⁽⁷⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 8) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Íslands eða Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

I. viðauki við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Norskur texti ákvarðana 2007/594/EB, 2007/683/EB, 2007/729/EB, 2007/846/EB og 2007/870/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 98, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 227, 31.8.2007, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 26.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 72.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 105.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 39, 9.2.2001, bls. 39.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2009

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlíður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 2001/89/EB), 4. lið (tilskipun ráðsins 92/35/EBE), 9. lið (tilskipun ráðsins 92/119/EBE), lið 9a (tilskipun ráðsins 2000/75/EB) og lið 9b (tilskipun ráðsins 2002/60/EB) í hluta 3.1, 1. lið (tilskipun ráðsins 64/432/EB) og 4. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE) í hluta 4.1, 64. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/618/EB) og 76. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/233/EB) í hluta 4.2 og 3. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EB) í hluta 8.1:

„– **32007 D 0729**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/729/EB frá 7. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 26).“

2. Eftirfarandi komi í stað orðanna „Noregur: Statens Veterinære Institut for Virusforskning, Lindholm, Kalvehave, Danmörku“ í aðlögunarlið a) í 4. lið (tilskipun ráðsins 92/35/EBE) í hluta 3.1 og aðlögunarákvæðum í 9. lið (tilskipun ráðsins 92/119/EBE) í hluta 3.1:

„NO Veterinærinstituttet
Postboks 750 Sentrum
0106 Oslo
Norway
Sími: +47 23216000
Bréfasími: +47 23216001“

3. Eftirfarandi bætist við í lið 9a (tilskipun ráðsins 2000/75/EB) í hluta 3.1:

„Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í lið A í I. viðauka:

NO Veterinærinstituttet
Postboks 750 Sentrum
0106 Oslo
Norway
Sími: +47 23216000
Bréfasími: +47 23216001“

4. Eftirfarandi komi í stað orðanna „Noregur Danmarks Veterinære Institut – Afdeling for Virologi, Lindholm, 4771 Kalvehave“ í aðlögunarákvæðum í lið 9b (tilskipun ráðsins 2002/60/EB) í hluta 3.1:

„NO Veterinærinstituttet
Postboks 750 Sentrum
0106 Oslo
Norway
Sími: +47 23216000
Bréfasími: +47 23216001“

5. Eftirfarandi komi í stað aðlögunarliðar f) í 1. lið (tilskipun ráðsins 64/432/EBE) í hluta 4.1:

„f) Eftirfarandi bætist við skrá um opinberar stofnanir í II. kafla viðauka D, 2. lið A-hluta:

NO Veterinærinstituttet
Postboks 750 Sentrum
0106 Oslo
Norway
Sími: +47 23216000
Bréfasími: +47 23216001“

6. Eftirfarandi bætist við í 64. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/618/EB) í hluta 4.2:

„Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í staflið d) í 2. mgr. III. viðauka:

NO Veterinærinstituttet
Postboks 750 Sentrum
0106 Oslo
Norway
Sími: +47 23216000
Bréfasími: +47 23216001“

7. Eftirfarandi bætist við í 76. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/233/EB) í hluta 4.2:
„Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
Eftirfarandi bætist við í I. viðauka:
Noregur Veterinærinstituttet
Postboks 750 Sentrum
0106 Oslo
Sími: +47 23216000
Bréfasími: +47 23216001“
8. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 41. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/590/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2:
„42. **32007 D 0683**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/683/EB frá 18. október 2007 um samþykkt áætlunar um að útrýma svinapest í villtum svinum á tilteknum svæðum í Ungverjalandi (Stjtið. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 27).
Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.
43. **32007 D 0870**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/870/EB frá 21. desember 2007 um samþykki áætlana fyrir árið 2008 um að útrýma svinapest í villtum svinum og um neyðarbolusetningu gegn sjúkdómnum í þessum svinum og svinum á bújörðum í Rúmeníu (Stjtið. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 105).
Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“
9. Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE) í hluta 4.1 og 3. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE) í hluta 8.1:
„– **32007 D 0594**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/594/EB frá 29. ágúst 2007 (Stjtið. ESB L 227, 31.8.2007, bls. 33).“
10. Eftirfarandi bætist við aðlögunarákvæðin í 4. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE) í hluta 4.1:
„h) Í IV. viðauka bætist orðið „Noregur“ við á eftir orðinu „Finland“ í 3. neðanmálgrein við fyrirmynd 1, 4. neðanmálgrein við fyrirmynd 2, 1. neðanmálgrein við fyrirmynd 3, 3. neðanmálgrein við fyrirmynd 4, 3. neðanmálgrein við fyrirmynd 5 og 1. neðanmálgrein við fyrirmynd 6.“
11. Eftirfarandi bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE) í hluta 8.1:
„Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
Í IV. viðauka bætist orðið „Noregur“ við á eftir orðinu „Finland“ í 3. neðanmálgrein við fyrirmynd 1, 4. neðanmálgrein við fyrirmynd 2, 1. neðanmálgrein við fyrirmynd 3, 3. neðanmálgrein við fyrirmynd 4, 3. neðanmálgrein við fyrirmynd 5 og 1. neðanmálgrein við fyrirmynd 6.“
12. Brott falli texti 61. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/106/EB) í hluta 4.2.
13. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 82. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1739/2005) í hluta 4.2:
„83. **32007 D 0846**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/846/EB frá 6. desember 2007 um fyrirmynd að skráum yfir stofnanir sem aðildarríki hafa samþykkt í samræmi við ýmis ákvæði heilbrigðislöggjafar um dýr og dýraafurðir í Bandalaginu og reglur sem gilda um sendingu þessara skráa til framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 72).
Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 23/2009****2009/EES/28/03****frá 17. mars 2009****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2009 frá 5. febrúar 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 393/2008 frá 30. apríl 2008 um leyfi fyrir astaxantímetýldísúksinati sem aukefni í föðri ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zzzzn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 209/2008) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„1zzzzz. **32008 R 0393**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 393/2008 frá 30. apríl 2008 um leyfi fyrir astaxantímetýldísúksinati sem aukefni í föðri (Stjtið. ESB L 117, 1.5.2008, bls. 20).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 393/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 16, 19.3.2009, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 117, 1.5.2008, bls. 20.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 24/2009****2009/EES/28/04****frá 17. mars 2009****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2009 frá 5. febrúar 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsökna og mat á aukefnum í fœðri og leyfi fyrir þeim ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 505/2008 frá 6. júní 2008 um leyfi fyrir nýrri notkun 3-fýtasa (Natuphos) sem aukefnis í fœðri ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 516/2008 frá 10. júní 2008 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1200/2005, (EB) nr. 184/2007, (EB) nr. 243/2007, (EB) nr. 1142/2007, (EB) nr. 1380/2007 og (EB) nr. 165/2008 að því er varðar skilmála leyfa fyrir tilteknum aukefnum í fœðri ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 552/2008 frá 17. júní 2008 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2430/1999, (EB) nr. 2380/2001 og (EB) nr. 1289/2004 að því er varðar skilmála leyfa fyrir tilteknum aukefnum í fœðri ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/2008 frá 17. júní 2008 um leyfi fyrir 6-fýtasa (Quantum Phytase) sem aukefni í fœðri ⁽⁶⁾ ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 173, 3.7.2008, bls. 31.
- 7) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1k (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999):
„– **32008 R 0552**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 552/2008 frá 17. júní 2008 (Stjtið. ESB L 158, 18.6.2008, bls. 3).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 1y (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2380/2001) og lið 1zy (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1289/2004):
„eins og henni var breytt með:
– **32008 R 0552**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 552/2008 frá 17. júní 2008 (Stjtið. ESB L 158, 18.6.2008, bls. 3).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 16, 19.3.2009, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 149, 7.6.2008, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 151, 11.6.2008, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 158, 18.6.2008, bls. 3.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 158, 18.6.2008, bls. 14.

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005):
„– **32008 R 0516**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 516/2008 frá 10. júní 2008 (Stjtið. ESB L 151, 11.6.2008, bls. 3).“
4. Eftirfarandi bætist við í lið 1zzzj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 184/2007), lið 1zzzn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 243/2007), lið 1zzzd (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1142/2007), lið 1zzze (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1380/2007) og lið 1zzzk (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 165/2008):
„eins og henni var breytt með:
– **32008 R 0516**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 516/2008 frá 10. júní 2008 (Stjtið. ESB L 151, 11.6.2008, bls. 3).“
5. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1zzzo (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 393/2008):
„1zzzp. **32008 R 0505**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 505/2008 frá 6. júní 2008 (Stjtið. ESB L 149, 7.6.2008, bls. 33).
1zzzq. **32008 R 0554**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/2008 frá 17. júní 2008 um leyfi fyrir 6-fýtasa (Quantum Phytase) sem aukefni í föðri (Stjtið. ESB L 158, 18.6.2008, bls. 14) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 173, 3.7.2008, bls. 31.“
6. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 3a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1436/98):
„3b. **32008 R 0429**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 frá 25. apríl 2008 um nákvæmar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 að því er varðar gerð og framsetningu umsókna og mat á aukefnum í föðri og leyfi fyrir þeim (Stjtið. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 429/2008, 505/2008, 516/2008, 552/2008 og 554/2008, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 173, 3.7.2008, bls. 31, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 25/2009****2009/EES/28/05****frá 17. mars 2009****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/62/EB frá 20. júní 2008 um tilteknar undanþágur sem varða samþykki fyrir staðaryrkjum og yrkjum í landbúnaði sem eru náttúrulega löguð að stað- og svæðisbundnum skilyrðum og eru í hættu vegna erfðatæringar, og um setningu fræs og útsæðiskartaflna af þessum staðaryrkjum og yrkjum á markað ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/83/EB frá 13. ágúst 2008 um breytingu á tilskipun 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/462/EB frá 16. júní 2008 um að leysa Búlgaríu, Slóvakíu og Breska konungsríkið undan tilteknum skuldbindingum um að beita tilskipun ráðsins 66/401/EBE að því er varðar *Galega orientalis* Lam. ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

III. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB) í 1. hluta:
„– **32008 L 0083**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/83/EB frá 13. ágúst 2008 (Stjtið. ESB L 219, 14.8.2008, bls. 55).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 51. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/853/EB) í 2. hluta:
„52. **32008 L 0062**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/62/EB frá 20. júní 2008 um tilteknar undanþágur sem varða samþykki fyrir staðaryrkjum og yrkjum í landbúnaði sem eru náttúrulega löguð að stað- og svæðisbundnum skilyrðum og eru í hættu vegna erfðatæringar, og um setningu fræs og útsæðiskartaflna af þessum staðaryrkjum og yrkjum á markað (Stjtið. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 13).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 19, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 13.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 219, 14.8.2008, bls. 55.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 160, 19.6.2008, bls. 33.

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 77. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/321/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“:

„78. **32008 D 0462**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/462/EB frá 16. júní 2008 um að leysa Búlgaríu, Slóvakíu og Breska konungsríkið undan tilteknum skuldbindingum um að beita tilskipun ráðsins 66/401/EBE að því er varðar *Galega orientalis* Lam. (Stjtið. ESB L 160, 19.6.2008, bls. 33).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2008/62/EB og 2008/83/EB og ákvörðunar 2008/462/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 26/2009****2009/EES/28/06****frá 17. mars 2009****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2009 frá 5. febrúar 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 123/2008 frá 12. febrúar 2008 um breytingu og leiðréttingu á VI. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 345/2008 frá 17. apríl 2008 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum (endurútgefin) ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 345/2008 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brott falli texti fyrsta undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92), 17. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 314/97), 20. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1367/98), 26. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1566/2000), 29. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2589/2001), 30. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 548/2000), 31. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1616/2000), 32. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2426/2000), 33. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 349/2001), 36. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1162/2002), 37. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2382/2002), 39. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 545/2003), 41. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2144/2003) og 57. undirliðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 956/2006) í lið 54b (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2092/91).
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91):
„– **32008 R 0123**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 123/2008 frá 12. febrúar 2008 (Stjtið. ESB L 38, 13.2.2008, bls. 3).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 38, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 16, 19.3.2009, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 38, 13.2.2008, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 108, 18.4.2008, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 11, 17.1.1992, bls. 14.

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzzw (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/5/EB):

„54zzzx. **32008 R 0345**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 345/2008 frá 17. apríl 2008 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum (endurúttefin) (Stjtið. ESB L 108, 18.4.2008, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 123/2008 og 345/2008, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 18. mars 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 17. mars 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 27/2009****2009/EES/28/07****frá 17. mars 2009****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2009 frá 5. febrúar 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 597/2008 frá 24. júní 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 372/2007 þar sem mælt er fyrir um bráðabirgðaflæðimörk fyrir mýkiefni í þéttingum í lokum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/60/EB frá 17. júní 2008 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum (kerfisbundin útgáfa) ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/478/EB frá 17. júní 2008 um breytingu á ákvörðun 1999/217/EB að því er varðar skrána yfir bragðefni sem eru notuð í eða á matvælum ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2008/103/EB frá 4. febrúar 2008 um samræmda vöktunaráætlun Bandalagsins fyrir árið 2008 í því skyni að tryggja að virt séu ákvæði um hámarksgildi varnarefnaleifa í og á kornvörum og tilteknum öðrum vörum úr jurtaríkinu og um landsbundnar vöktunaráætlanir fyrir árið 2009 ⁽⁵⁾.
